

## 58. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, miðvikudaginn 10. júní 1998, kl. 9.30.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur I. Gunnlaugsson, Grétar Zóphaníasson og Þorvarður Hjaltason

### Dagskrá:

#### 1. Tilboð í urðunarrein nr. 2.

Eftirfarandi tilboð bárust:

|                            |                |       |                    |
|----------------------------|----------------|-------|--------------------|
| 1. Árvélar ehf             | kr. 10.227.500 | 95.3% | af kostnaðaráætlun |
| 2. Nesey ehf               | - 8.964.950    | 83.5  | -                  |
| 3. Verktækni ehf           | - 8.698.000    | 81.0  | -                  |
| 4. Rækt.sb. Flóa og Skeiða | - 8.198.000    | 76.3  | -                  |
| 5. Jón og Tryggvi ehf      | - 7.835.500    | 73.0  | -                  |
| 6. Fossvélar ehf           | - 7.305.550    | 68.0  | -                  |
| 7. Vélgrafan ehf           | - 6.947.200    | 64.7  | -                  |
| Kostnaðaráætlun            | kr. 10.737.500 | 100 % |                    |

Samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

#### 2. Fundargerðir verkefnisstjórnar kjötmjölsverksmiðju.

Einnig lögð fram rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir kjötmjölsverksmiðju á Suðurlandi árin 1999 – 2009.

Stjórnin áréttar fyrri afstöðu sína um kaup á allt að 20 % hlutfjár með fyrirvara um samþykki aðalfundar.

#### 3. Bréf frá skipulags- og byggingarfulltrúanum í Ölfushreppi, dags. 29. maí sl.

Til kynningar.

#### 4. Bréf frá Búnaðarsambandi Suðurlands, dags. 15. og 18. maí sl. um málefni Sorpstöðvar Suðurlands.

Í bréfinu eru kynntar samþykktir aðalfundar Búnaðarsambandsins 30. apríl sl. Þar sem samþykktir Búnaðarsambandsins bera með sér að skort hefur á að allar upplýsingar um málefni Sorpstöðvarinnar lögju fyrir, samþykkir stjórn Sorpstöðvarinnar að bjóða stjórn Búnaðarsambands Suðurlands til kynningarfundar um Sorpstöðina og skoðunar á starfssvæði stöðvarinnar í Kirkjuferjuháleigu.

#### 5. Bréf frá Sambandi sunnlenskra kvenna, dags. 15. maí sl., þar sem kynnt er ályktun kvenfélagsins Bergþóru um málefni Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar

**6. Bréf Ölfushrepps, dags. 13. maí sl.**

Afgreiðslu bréfsins var frestað á síðasta fundi.

Samþykkt að tilnefna Jón Ólafsson hrl. í gerðardóm sbr. samþykkt framhaldsaðalfundar. Sú tilnefning er í samræmi við tilnefningu Ölfushrepps á lögmanni sínum í gerðardóminn, enda þótt stjórn Sorpstöðvarinnar telji að þessar tilnefningar séu ekki alveg í samræmi við samþykkt framhaldsaðalfundarins.

**7. Önnur mál.**

- a) Lögð fram fundargerð fundar um pappírsmótun – umbúðir og endurvinnslu, dags. 8. júní sl. ásamt minnisblaði frá Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands frá 29. apríl sl. um málið.
- b) Rætt um hertar kröfur um meðhöndlun sorps sem eru í undirbúningi hjá ESB sem munu hafa í för með sér stórukinn kostnað á landsvísu.

Fundi slitið kl. 11.30

Karl Björnsson  
Grétar Zóphaniasson  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Þorvarður Hjaltason